



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2015

## ÍSLE3PS05

Þjóðskáldin

<b>Kennari:</b>	<b>Gylfi Þorkelsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>GP</b>
-----------------	-------------------------	---------------	-----------

### ÁFANGALÝSING

Áfanginn er blanda af bókmenntasögu og bókmenntafræði. Bókmenntasagan felst í því að nemendur kynni sér helstu áherslur í bókmenntum Íslendinga á tímabilinu frá siðaskiptum 1550 til aldamótanna 1900, kynni sér nokkra mikilvæga höfunda og verk þeirra. Venjan er að skipta þessu tímasteiði upp í fjögur tímabil, lærdómsöld frá 1550-1750, upplýsingaröld frá 1750-1830, rómantíska skeiðið frá 1830-1880 og raunsæisskeiðið frá 1880-1900. Markmiðið er að nemendur þekki grundvallareinkenni bókmennta á hverju þessara tímabila, geti greint á milli og útskýrt í hverju meginmunurinn felst.

Hvað hinn hlutann varðar er ætlast til þess að nemendur kynni sér nokkur grundvallarhugtök í bókmenntafræði, bragfræði og stílfræði, þeir lesi heil bókmenntaverk og geti notað hugtök til að greina og fjalla um þau, hvort sem er ljóð, leikrit eða sögur. Áhersla er lögð á sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð nemenda og að þeir fái tækifæri til að æfa sig í markvissri tjáningu, munnlegri og skriflegri, að mynda sér eigin skoðanir og rökstyðja þær með samanburði og tilvísun í heimildir.

**Undanfari:** 10 einingar á 2. þrepi

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á...

... helstu einkennum bókmennta á tímabilinu 1550-1900

... hugtökunum lærdómsöld, upplýsingaröld, rómantík og raunsæi

... algengum hugtökum í bókmenntafræði

... völdum textum og höfundum frá tímabilinu

... almennum bragreglum og nokkrum algengum bragarháttum, erlendum og íslenskum

... reglum um notkun heimilda

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í...

... að greina helstu einkenni bókmennta

... að greina einkenni mismunandi höfunda og verka

... að nota hugtök til að greina og fjalla um bókmenntir

... að greina bókmenntir eftir straumum og stefnum og bera saman mismunandi tímabil

... að tjá sig um bókmenntir, bæði munnlega og skriflega, á gagnrýninn hátt

... að nýta íslenskan orðaforða til að tjá sig á fjölbreyttu og blæbrigðaríku máli

... notkun tilvísana, tilvitnana og heimildaskrár

## Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að...

... mynda sér sjálfstæðar skoðanir á bókmenntum

... nota algeng hugtök til að greina bókmenntatexta

... fjalla um bókmenntir, bæði munnlega og skriflega, með skipulegum og rökvísum hætti

... sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og draga saman aðalatriði

... beita málinu á viðeigandi og áhrifaríkan hátt í ræðu og riti við mismunandi aðstæður

... vinna af tilhlýðilegri virðingu með heimildir og meta gæði þeirra á gagnrýninn hátt

... undirbúa og skila af sér vel frágengnu efni

... átta sig á samfélagslegum skírskotunum og greina dulinn boðskap og hugmyndir

... sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi

## NÁMSEFNI

Bragi Halldórsson, Knútur Hafsteinsson og Ólafur Oddsson. 2005. *Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900*. Bjartur, Reykjavík.

Gestur Pálsson. 1995. *Tilhugalíf*. Iðnú, Reykjavík.

Jón Thoroddsen. 2008. *Piltur og stúlka. Dálítil frásaga*. Bjartur, Reykjavík.

Kristinn Kristjánsson. 1996. *Íslenskar bókmenntir 1550-1900*. Iðnú, Reykjavík.

Ýmislegt efni frá kennara, s.s. ljósrit og efni af Interneti.

## Gagnlegar handbækur á bókasafni

Gísli Skúlason. 2003. *Hagnýt skrif*. Mál og menning, Reykjavík.

Hannes Pétursson og Helgi Sæmundsson. 1973. *Íslenskt skáldatal*. Alfræði Menningarsjóðs.

Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, Reykjavík.

*Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1983. Ritstjóri: Jakob Benediktsson.

Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, Reykjavík.

*Íslensk bókmenntasaga II*. 1993. Ritstjóri: Vésteinn Ólason. Mál og menning, Rvk.

*Íslensk bókmenntasaga III*. 1996. Ritstjóri: Halldór Guðmundsson. Mál og menning, Reykjavík.

## SÉRREGLUR ÁFANGANS

- Öllum skriflegum verkefnum verður að **skila tölvuunnum**, samkvæmt reglum um uppsetningu og frágang (sjá *Hagnýt skrif*).
- Öllum verkefnum/áfangaprófum skal skila á tilsettum tíma. Verkefnaskilamöppur í Moodle **lokast sjálfkrafa** á fyrirfram ákveðnum tíma og verða eftir það ekki aðgengilegar nemendum.
- Nemandi sem ekki skilar verkefni eða **mætir ekki** í próf fær einkunnina núll.
- Nemendur sem einhverra hluta vegna geta ekki mætt í kennslustund bera sjálfir ábyrgð á því að **fylgjast með tilkynningum** um heimanám, próf og verkefnaskil í Moodle.
- Þeir nemendur sem **missa af prófi** vegna löglegra forfalla bera sjálfir ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og eiga kost á að taka það í samráði við kennara. Nýti þeir ekki þann kost fá þeir einkunnina 0.
- Útskriftarnemandi með endurtökurétt á lokaprófi tekur próf úr öllu efni áfangans og gildir endurtökuprófið 75% af lokaekunn. Einkunnir fyrir tímaritgerð og heimildaverkefni, auk einkunnar fyrir ástundun og verkefnaskil, halda sér og gilda 25%.

## ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ NÁMSEFNIS, PRÓF OG VERKEFNASKIL

Vika nr.	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34 - 1	17. – 21. ágúst	Kynning á áfanganum. Bragfræði	Tímaverkefni
35 - 2	24. – 28. ágúst	Bragfræði. Námsefni frá kennara.	Tímaverkefni
36 - 3	31.08. – 4. sept.	Bragfræði. Námsefni frá kennara	Tímaverkefni
37 - 4	7. – 11. sept.	Stílfraði. Námsefni frá kennara.	Tímaverkefni
38 - 5	14. – 18. sept.	Stílfraði. Námsefni frá kennara.	Próf: Brag- og stílfraði
39 - 6	21. – 25. sept.	Ritun, heimildavinna	Heimildaritgerð
40 - 7	28.09. – 2. okt.	Bókm.saga, lærdómsöld	Tímaverkefni
41 - 8	5. – 9. október	Bókm.saga, lærdómsöld	Tímaverkefni
42 - 9	12. – 16. okt.	Bókm.saga, lærdómsöld	Tímaverkefni, próf
43 - 10	19. – 23. okt.	Bókm.saga, upplýsingaröld	Tímaverkefni, próf
44 - 11	26. – 30. okt.	Bókm.saga, rómantíska stefnan	Tímaverkefni
45 - 12	2. – 6. nóvember	Bókm.saga, rómantíska stefnan	Tímaverkefni, próf
46 - 13	9. – 13. nóv.	Rómantík, Piltur og stúlka	Próf, tímaverkefni
47 - 14	16. – 20. nóv.	Rómantík, Piltur og stúlka	Verkefni, tímaritgerð
48 - 15	23. – 27. nóv.	Bókm.saga, raunsæisstefnan	Tímaverkefni, próf
49 - 16	30.11. – 4. des.	Raunsæi, Tilhugalíf	Próf og tímaverkefni

### NÁMSMAT

Eftirfarandi þættir mynda annareinkunn, sem gildir 50% á móti lokaprófi.

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Brag-/Stílfraði	Eitt skriflegt próf að lokinni lotu	16%
Bókmenntasaga	Fjögur kaflapróf	20%
Piltur og stúlka	Próf (6%), verkefni (6%) og tímaritgerð (12%)	24%
Tilhugalíf	Próf (4%), verkefni (6%), tímaritgerð (12%)	10%
Ritun	Heimildaritgerð	16%
Ástundun	Virkni og verkefnaskil í Moodle	14%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

13. ágúst 2015, Gylfi Þorkelsson